

AUGLÝSING

um umferðartakmarkanir í Þingeyrarkauptúni.

Samkvæmt gerðum samþykktum hreppsnefndar Þingeyrarhrepps í Vestur-Ísa-fjarðarsýslu og ákvörðun sýslumanns eftir heimild í 65. gr. umferðarlaga, eru þessar umferðartakmarkanir í gildi í Þingeyrarkauptúni:

1. Fjarðargata. Biðskylda er við allar þvergötur, sem liggja að Fjarðargötu.
2. Aðalstræti. Biðskylda er við allar þvergötur, sem liggja að Aðalstræti. Biðskyldu-merkjum hefur verið komið upp á gatnamótum við Sjúkraskýlið, Félagsheimili, Verzlunina Öldu, Hruna, Skjólvik og Þjóðveginn frá Hrafnseyri.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 5. júní 1964.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá vegna innheimtu Seðlabanka Íslands á innstæðulausum tékkum.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 10 frá 13. maí 1964, um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, og samkvæmt tillögum bankans er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá:

1. gr.

Grunngjald af tékkum að fjárhæð lægri en kr. 1000.00 skal vera kr. 250.00, af tékkum að fjárhæð kr. 1000.00 til kr. 5000.00 skal það vera kr. 500.00, en af tékkum að fjárhæð hærri en kr. 5000.00 skal það vera kr. 1000.00.

2. gr.

Auk grunngjalds samkvæmt 1. gr. skal útgefanda gert að greiða 10% af fjárhæð tékkans.

3. gr.

Gjöld samkvæmt 1. og 2. gr. skulu miðast við heildarfjárhæð þeirra tékka, sem útgefandi innleysir í einu.

4. gr.

Reynist málshöfðun nauðsynleg til heimtu kröfu, skal reikna tvöfalt grunn-gjald samkvæmt 1. gr. auk gjalds samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 6. júlí 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.